

**Mál nr. 64/2014**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á Tryggvagötu á Akureyri á móts við hús nr. 22 þann 13.5.2013.****Gögn.**

30. Málskot, móttakið 20.1.2014, ásamt fylgigögnum.  
31. Bréf X, dags 5.3.2014, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Bifreiðunum A og B var ekið austur Tryggvabraut á Akureyri og var A ekið á undan B. Til móts við hús nr. 22 var B ekið hægra megin fram úr A, en í sömu andrá var A beygt til hægri áleiðis í bifreiðastæði hægra megin við götuna. Rákust þá saman hægra framhorn A og framanverð vinstri hlið B. Við áreksturinn kastaðist B áfram og rakst hægra framhorn hennar á hægra afturhorn kyrrstæðrar bifreiðar sem var í bifreiðastæði hægra megin við götuna. Hemlaför eftir hægri hjól B mældust 20,15 m og 18,3 m eftir vinstri hjól. Ein akrein er á Tryggvabraut í hvora átt þar sem áreksturinn varð. Leyfilegur hámarkshraði á götunni er 50 km á klst. Litlar sjáanlegar skemmdir eru sagðar hafa orðið á bifreiðunum.

Ökumaður A kvaðst hafa ætlað að beygja til hægri í stöðureit fyrir framan hús nr. 22. Hann hafi ekið á um 30-40 km hraða á klst. og verið búinn að draga úr hraða. Hann taldi sig hafa gefið stefnumerki til hægri. Þegar hann beygði til hægri hafi B verið hægra megin við A og árekstur orðið.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 60 km hraða er hann síðast vissi fyrir áreksturinn. Hann hafi séð A sem hafi verið ekið vinstra megin á akbrautinni og því farið hægra megin fram úr A, en árekstur þá orðið. Hann kvaðst ekki hafa séð séð stefnuljós kveikt á A.

**Álit.**

B var ekið nokkuð yfir leyfilegum hámarkshraða hægra megin fram úr A. Ekki var heimilt að aka hægra megin fram úr við þær aðstæður sem þarna voru, sbr. 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Með tilliti til þessa og hversu hratt B var ekið telst ökumaður B eiga frumsök á árekstrinum. Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið að nægilega þykir sannað samkvæmt gögnum málsins að A hafi verið ekið nokkuð langt til vinstri á akbrautinni sem nemur a.m.k. bílbreidd B. Við hægri beygju ber að aka sem næst hægri brún akbrautar og skal beygjan tekin eins kröpp og unnt er, sbr. 1. másl. 3. mgr. 15. gr. ufl. Á þessu varð misbrestur hjá ökumanni A. Á hann því einnig lítils háttar sök á því hvernig fór. Eftir atvikum öllum þykir rétt í máli þessu að skipta sök þannig að  $\frac{3}{4}$  hlutar sakar verði lagðir á ökumann B og  $\frac{1}{4}$  hluti sakar á ökumann A.

**Niðurstaða.**

Ökumaður A ber  $\frac{1}{4}$  hluta sakar og ökumaður B ber  $\frac{3}{4}$  hluta sakar.

Reykjavík, 25. mars 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.  
Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.